

## **Tillaga um greiðslu þóknunar til nefndarmanna í starfshópum, fagráðum eða úthlutunarnefnd.**

### **Viðmið launa:**

Laun skulu nema skilgreindum hundraðshluta af þingfararkaupi alþingismanna sem er 1.210.368 kr. frá 1. janúar 2021.

### **Laun nefndarmanna:**

Laun nefndarmanna, í starfshópum, fagráðum eða úthlutunarnefnd, fyrir fundarsetu skulu nema tveimur þriðju af launum stjórnarmanna SSNE á hverjum tíma. Laun formanns í starfshópum, fagráðum eða úthlutunarnefnd skulu vera sömu og laun stjórnarmanna SSNE á hverjum tíma. Auk þess fá nefndarmenn og formaður úthlutunarnefndar 750 kr. fyrir yfirferð hvernar verkefnaumsóknar og 1.000 kr. fyrir yfirferð hvernar umsóknar um stofn- og rekstrarstyrk.

1. janúar 2021 hefðu nefndarmenn fengið 32.276 kr. fyrir setinn fund og formaður 48.415 kr. Breytingin tekur gildi 1. janúar 2022.

### **Aksturspeningar:**

Um aksturspeninga fer skv. auglýsingu ríkisskattstjóra hverju sinni um aksturspeninga.

### **Dagpeningar:**

Annar ferðakostnaður (gisting og fæði) er greiddur skv. reikningi. Komi til þess að greiddir verði dagpeningar verða þeir greiddir skv. auglýsingu ríkisskattstjóra hverju sinni um dagpeninga.